

1. fundur samstarfsnefndar um sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra haldinn í Ráðhúsi Húnaþings vestra þriðjudaginn 12. júlí 2011 kl. 11:00.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Afgreiðslur:

1. Kosningar:

Fram kom tillaga um að Leó Örn Þorleifsson, oddviti Húnaþings vestra verði kjörinn formaður Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um frjálsa sameiningu sveitarfélaga. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fram kom tillaga um að Jóhann Ragnarsson, hreppsnefndarmaður í Bæjarhreppi verði kjörinn varaformaður samstarfsnefndarinnar. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fram kom tillaga um að Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Húnaþings vestra verði kjörinn ritari samstarfsnefndarinnar. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Tilkynning til Innanríkisráðuneytisins.

Í samræmi við ákvæði 3 mgr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga er ritara falið að tilkynna Innanríkisráðuneytinu um skipan samstarfsnefndarinnar og óska eftir aðstoð þess varðandi vinnu hennar um mögulega sameiningu Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.

3. Bréf til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samstarfsnefndin felur ritara að skrifa Jöfnunarsjóði sveitarfélaga bréf þar sem óskað er eftir úttekt sjóðsins á fjárhagslegum áhrifum sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. Ritara einnig falið að óska eftir fjárhagslegri aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaganna sbr. reglugerð 295/2003.

4. Þóknanir v/ starfa samstarfsnefndar.

Samstarfsnefnd samþykkir að hver sveitarstjórn beri kostnað vegna fundarsetu, greiðslu aksturs, dagpeninga og annars kostnaðar vegna sinna fulltrúa í nefndinni.

5. Önnur mál.

- A) Samþykkt að fundargerðir samstarfsnefndar, auglýsingar og kynningarefni á hennar vegum verði birt á heimasíðu Húnaþings vestra og standir.is eftir hvern fund.
- B) Rætt um tilhögun starfa samstarfsnefndarinnar á næstu mánuðum.

C) Samþykkt að næsti fundur samstarfsnefndar verði haldinn á Borðeyri 30. ágúst nk.
kl. 10:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:15

Leó Örn Þorleifsson.

Sigurður Kjartansson.

Elín R. Líndal

Jóhann Ragnarsson.

Stefán Böðvarsson.

Gísli Kjartansson.

Elín Jóna Rósinberg.

Jóna Gunnarsdóttir

Skúli Þórðarson.

Guðmundur Waage.